



Sverri Örn Gunnarsson einn eigenda Skúbb, Helena Hermundardóttir og Knútur Rafn Ármann eigendur Friðheimar með drykkinn vinsæla Marry Poppins með skúbb af nýja Friðheimar sorbetnum.

## Skúbb og Friðheimar í samstarf um ís

Þrír nýir og frumlegir sorbet ísar hafa litið dagsins ljós í skemmtilegu samstarfi milli Friðheimar og Skúbb ísgerðar.

Hugmyndin var að búa til framúrskarandi ís úr mörgum af þeim hráefnum sem Friðheimar rækta að sögn Einars Þórs Ingólfssonar matreiðslumeistara Skúbb. Eftir heimsókn Einars í Friðheimar fóru hjólin að snúast. „Það mætti segja að eitt skemmtilegasta samstarfsverkefni sem Skúbb Ísgerð hefur tekið þátt í hafi byrjað þarna. Hjónin í Friðheimum, Knútur og Helena, rækta ekki einungis tómata, heldur einnig ýmislegt

annað, eins og gúrur, paprikur, kryddjurtir og salat, sem eru mikill fjársjóður fyrir matarunnendur. Þeirra vörur eru ræktaðar á umhverfisvænan hátt, án allra varnarefna og við bestu mögulegu skilyrði,” segir Einar.

Skúbb býr til handgerðan ís frá grunni og notar aðeins lífræna mjólk frá Biobú. Lífræn hráefni við gerð íssins gerir bragðið ósvikið og ferskt.

„Þegar maður hefur aðgang að eins miklu úrvali af matvælum í þessum gæðaflokki, fara öll skynfæri á flug. Það er mjög skemmtilegt að þróa vöru svona, eiginlega í beinni. Svo er

farið aftur í ísgerðina og leikið sér við að fullklára uppskrift að nýjum ístegundum með nýju hráefnunum,” segir Einar.

Afrakstur samstarfsins, eins og áður kom fram, eru þrír sorbet ísar. Gúrku, myntu og lime. Rauðir tómatar og basil. Marínarðir grænir tómatar og rós-marín. Sorbet ísarnir verða eingöngu fáanlegir í Friðheimum, á eftirréttamatseðli og einnig í vinsælum drykk „Marry Poppins”. Upplifunin í Friðheimum er einstök, þegar fólk finnur ilminn af plöntunum í kring á veitingastaðnum á sama tíma og notið er bragðsins af ísnum.

## Búist við mörgum á Selfoss um Verslunarmannahelgina

Þórir Haraldsson hefur staðfest vaktina nokkur ár í röð sem formaður framkvæmdarnefndar Unglingalandsmóts UMFÍ. Hann mun vinna með fjölda sjálfboðaliða við fjölbreytt störf um verslunarmannahelgina.

„Við búumst við miklum fjölda keppenda og gesta á Selfoss um verslunarmannahelgina. Unglingalandsmót UMFÍ krefst mikils af mótsöldurum, bæði aðstöðu og er síðan þarf margar hendur til að vinna það,” segir Þórir Haraldsson, formaður framkvæmdarnefndar Unglingalandsmóts UMFÍ á Selfossi.

Þetta er þriðja árið í röð sem Þórir situr í stefninu við undirbúning mótsins. Eins og flestum er kunnugt var því frestað síðastliðin tvö ár af völdum heimsfaraldursins.

Þórir segir alla aðstöðu til fyrirmyndar á Selfossi. „Hér er frábær aðstaða fyrir fjölbreyttar keppnisgreinar, stórt tjalðsvæði er við Suðrhóla þar sem keppendur og fjölskyldur þeirra gista frítt en

greiða eingöngu fyrir rafmagn, risastórt samkomutjald, leiktæki og aðra aðstöðu.

En það sem skiptir máli er að flest keppnissvæði eru í góðu göngufæri frá tjalðsvæðinu og flestar greinar verða á íþróttavallarsvæðinu við Engjaveg. Til að einfalda allar samgöngur og draga úr bílaumferð mun mótsstrætó ganga á milli tjalðsvæðis og íþróttasvæðisins. Ekkert kostar í strætóinn.

Þórir býst sjálfur við að verða mikið á mótinu ásamt fjölda annarra sjálfboðaliða. Störf þeirra eru fjölbreytt og geta verið allt frá framkvæmd keppnisgreina til þjónustu við mótsgesti, þátttakendur og aðra gesti. „Það verður nóg um að vera og nóg að gera. Við bjóðum ungmenni og fjölskyldur þeirra velkomin til keppni og skemmtunar á Selfossi um verslunarmannahelgina!” segir Þórir Haraldsson að lokum.



Félagsmenn HSK á Unglingalandsmóti UMFÍ í Borgarnesi árið 2016.

## Fáðu fagmann í verkið



**PÍPULAGNIR**  
SUÐURLANDS

Háheiði 10, Selfossi  
S. 699 1985 / 823 6656

## Komdu í kaffi og kíktu á sólpallinn!



**Bókakaffið** AUSTURVEGI 22, SELFOSSI







## Sendibílar á Suðurlandi

**Tek að mér alla almenna flutningsþjónstu**  
**Heimsendingar - Vörudreifing - Búsíðaflutningar - Ruslaferðir**  
**Traust og fagleg þjónusta með yfir 20 ára reynslu.**

Tómas 820 3880 - [keysrla@keysrla.is](mailto:keysrla@keysrla.is) - [www.keysrla.is](http://www.keysrla.is) - [f /keysrla.is](https://www.facebook.com/keysrla.is)



# Geir mun ekki njóta sömu fríðinda og Aldís

Aldís Hafsteinsdóttir, fyrrverandi bæjarstjóri Hveragerðisbæjar og núverandi sveitarstjóri Hrunamannahrepps, fékk greidda sex mánuði í biðlaun ásamt aksturstyrk og launatengdum gjöldum frá Hveragerðisbæ þegar hún lét af störfum.

Samkvæmt umfjöllun Fréttablaðsins eru útborguð biðlaun Aldísar frá Hveragerðisbæ tæpar níu miljónir króna, en ráðningasamningur Geirs Sveinssonar, nýs bæjarstjóra Hveragerðisbæjar, mun ekki innihalda nákvæmlega sömu fríðindi hvar varðar biðlaun.

„Í ráðningarsamningi við fyrrum bæjarstjóra voru akstursgreiðslur hluti af biðlaunum. Ekki var í ráðningarsamningi ákvæði um að biðlaun myndu falla niður ef viðkomandi fengi



Aldís Hafsteinsdóttir.

annað starf og var því fyrrum bæjarstjóra greidd sex mánaða biðlaun með launatengdum gjöldum að upphæð 20.058.749 sem við teljum óeðlilegt og er því þessu ákvæði breytt við gerð þessara samnings,“ kemur fram í fundargerð bæjarráðs Hveragerðisbæjar.



Geir Sveinsson.

Í ráðningarsamningi Geirs er gert ráð fyrir að biðlaun falli niður hljóti fráfarandi bæjarstjóri ráðningu annars staðar, nema laun í nýju starfi eru lægri heldur en biðlaunin. Í því tilfelli skerðast biðlaunin sem nemur launagreiðslum í nýju starfi.

# Þakkir frá Okkar Hveragerði

Fyrir hönd Okkar Hveragerðis vil ég þakka kjósendum í Hveragerði kærlega fyrir það mikla traust sem þeir sýndu framboðinu í sveitarstjórnarkosningunum þann 14. maí s.l. Árangur Okkar Hveragerðis er því að þakka að Hveragerðingar hafa trú á okkur og þeim stefnumálum sem við berjumst fyrir. Þetta er í annað skipti sem Okkar Hveragerði, sem er óháð stjórnmálaafli, býður fram til sveitarstjórnarkosninga og það er nú orðið stærsta stjórnmálaaflið í Hveragerði með tæplega 40% fylgi, aukningu um 7% atkvæða og einn bæjarfulltrúa frá síðustu kosningum. Ef niðurstöðurnar eru skoðaðar í sögulegu samhengi þá er þetta einungis í annað skipti á síðustu 40 árum sem tvö framboð mynda meirihluta í bæjarstjórn Hveragerðis. Síðustu 11 kjörtímabil hefur Sjálfstæðisflokkurinn verið sjö sinnum með hreinan meirihluta og hefur aðeins einu sinni fengið verri útkomu, ef niðurstöður alveg frá miðri síðustu öld eru skoðaðar. Kosningarnar 14. maí s.l. voru því sögulegar á margan hátt.

## Ákall um breytingar

Niðurstaða kosninganna var skýr yfirlýsing íbúa um breytingar. Kjörtímabilið er rétt að byrja og við erum mætt til starfa. Samstarfið milli Okkar Hveragerðis og Framsóknar er gott og hreinskiptið og við höfum látið hendur standa fram úr ermum þær sjö vikur sem liðnar eru frá því að meirihlutinn tók formlega til starfa. Okkar Hveragerði lagði fram 150 daga áætlun fyrir kosningar með tíu málafnum sem við ætluðum okkur að koma í framkvæmd og skemmtilegt er að segja frá því að sjö af þessum tíu málafnum hefur nú þegar verið hrint í framkvæmd eða komið í ferli. Við erum svo sannarlega reiðubúin til að



Sandra Sigurðardóttir.

vinna ötullega í þágu og í samvinnu við bæjarbúa með hagsmuni þeirra að leiðarljósi næstu fjögur árinn.

## Fyrstu sjö vikurnar

Ráðning bæjarstjóra á faglegum forsendum var eitt helsta áhersluatriði okkar fyrir kosningar og þann 1. ágúst kemur Geir Sveinsson til með að hefja störf sem bæjarstjóri Hveragerðisbæjar. Við höfum staðið fyrir tveimur íbúakönnunum, annars vegar um staðsetningu ærslabelgs og hins vegar um staðsetningu grenndargáma. Íbúar völdu ærslabelgnum sama stað og áður og er þegar búið að semja við framkvæmdaraðila um uppsetningu hans. Íbúakönnun vegna grenndargáma er að ljúka og verður uppsetningu hrint í framkvæmd um leið og niðurstöður könnunarinnar liggja fyrir. Búið er að samþykka lækun leikskólagjalda fyrir öll leikskólabörn og jafnframt er verið að leita að bráðabirgðalausn svo öll 12 mánaða börn fái inngöngu á leikskóla strax í haust. Hönnun á nýjum leikskóla við Hrauntungu í Kambalandi er farin af stað og unnið er að því að áfangar 3 og 4 í stækkun grunnskólans verði byggðir samhliða í ljósi fyrirséðrar þarfar vegna íbúafjölgunar og er hönnun þeirra í vinnslu. Búið er að taka ákvörðun um ráðningu þroskajálfa til að sinna málafnum fatlaðs fólks,

taka ákvörðun um að fara í úttekt á rekstri bæjarins í samstarfi og samvinnu við nýjan bæjarstjóra. Málefni Hamarshallarinnar hafa verið fyrirferðarmikil í vinnu nýs meirihluta síðustu vikur og hefur málið verið skoðað frá mörgum hliðum með það að markmiði að taka ákvörðun sem er hagkvæm fyrir bæjarfélagið og íbúa til langs tíma. Tekin var ákvörðun á síðasta bæjarstjórnarfundinum að fara af stað með hönnunarhóp og í framhaldi af þeirri vinnu verður farið í að útbúa útbodsgögn fyrir byggingu úr föstu efni sem mun rísa á grunni Hamarshallarinnar. Þá hefur meirihlutinn átt fundi með fjárfestum og verktökum sem áhuga hafa á frekari uppbyggingu í Hveragerði, þar má til dæmis nefna að undirrituð hefur verið viljayfirlýsing milli þróunarfélags HNLFÍ og Hveragerðisbæjar um uppbyggingu rúmlega þúsund íbúða byggðar sem mun hafa sjálfbærni og umhverfismál að leiðarljósi í svokölluðu Sólborgarlandi. Þetta er einungis brot af því sem nýr meirihluti hefur verið að vinna að og því er glögglega hægt að sjá að ekkert okkar hefur setið auðum höndum undanfarnar vikur.

## Öflugt samfélag

Það er mikill heiður að fá að gegna forystuhlutverki í bæjarstjórn Hveragerðis. Samfélagið okkar er öflugt með kraftmikið og hugmyndaríkt fólk á öllum sviðum sem brennur fyrir Hveragerði og vill láta gott af sér leiða. Tækifærin í Hveragerði eru á hverju horni og framtíðin er björt. Ég hlakka til að vinna að málafnum Hveragerðinga, með þeim og fyrir þá. Horfum til framtíðar.

Sandra Sigurðardóttir  
 Oddviti Okkar Hveragerðis  
 og formaður bæjarráðs

## LISTASAFN ÁRNESINGA

29. júlí til 1. ágúst



Vídeólist frá Líbanon. Yara Zein verður með spjall um verk sín á ensku, föstudaginn 29. júlí, kl. 12:00. Sýningin verður opin um Verslunarmannahelgina.

8. - 12. ágúst  
 frá 13:00 -  
 16:00



Graffiti námskeið fyrir unglinga í samstarfi við Hveragerðisbæ. Námskeiðisgjald er 25.000 kr og allt efni er innifalið. Skráning er á [fraedsla@listasafnarnesinga.is](mailto:fraedsla@listasafnarnesinga.is)



Margt fallett til sölu í safnbúðinni okkar, kíkið við og skoðið úrvalið.

Opið alla daga frá 12:00-17:00, ókeypis aðgangur.  
[www.listasafnarnesinga.is](http://www.listasafnarnesinga.is) Austurmörk 21, Hveragerði.





Birkir Hrafn, Tristan Máni og Ari Hrannar. Mynd: Selfoss karfa

## Mikið álag í landsliðs-verkefnum Selfyssinga

Yngri landslið Íslands í körfuknattleik hafa í sumar verið í verkefnum og keppnum erlendis og æfa þess á milli ansi stíft. Þrír drengir frá Selfossi eru í 16 ára landsliðshóp en það eru Ari Hrannar Bjarmason, Birkir Hrafn Eypórsson og Tristan Máni Morthens og hófu þeir sinn undirbúning fyrir sumarið í byrjun júní en í lok júní fóru þeir til Finnlands þar sem þeir kepptu á norðurlandamóti sem haldið var í Kisakallio rétt utan við Helsinki. Þar unnu þeir til bronsverðlauna en sigur vannst í þremur leikjum en tveir leikir töpuðust. Birkir Hrafn Eypórsson leikmaður Selfoss körfu var valinn í fimm manna úrvalslið mótsins, og Tristan Máni Mort-

hens og Ari Hrannar Bjarmason stóðu sig einnig með miklum sóma á mótinu.

Nú hafa þeir hafið æfingar fyrir Evrópumót sem haldið verður í Búlgaríu dagana 11. – 20. ágúst. Eins og fram hefur komið í fjölmiðlum eru þessi verkefni ansi kostnaðarsöm og fellur stærstur hluti þess kostnaðar á leikmennina sjálfa og fjölskyldur þeirra. Mörg fyrirtæki og einstaklingar á svæðinu hafa styrkt þá og vilja strákarnir koma til skila þakklæti fyrir stuðninginn. Enn eru þeir að safna og geta áhugasamir haft samband við foreldra drengjanna í [torey1979@gmail.com](mailto:torey1979@gmail.com).

Áfram Selfoss og áfram Ísland!

UNGMENNAFÉLAG ÍSLANDS  
HÉRAÐSSAMBANDIÐ SKARPHÉÐINN  
SVEITARFÉLAGIÐ ÁRBORG

**UMFÍ**

FJÖLSKYLDUHÁTÍÐ MEÐ FJÖLBREYTTUM ÍPRÓTTAGREINUM  
FYRIR 11-18 ÁRA. TÓNLEIKAR OG SKEMMTUN Á KVÖLDIN.

# UNGLINGA LANDSMÓT UMFÍ

**SELFOSS  
29.-31. JÚLÍ**

ALLT UM  
MÓTIÐ Á  
ULM.IS

**DAGSKRÁIN**  
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

**DFS.IS**  
FRÉTTAVEFUR SUÐURLANDS

### Viltu vekja athygli á Suðurlandi?

Hafðu samband og fáðu tilboð í auglýsingar í blaðið og á vefinn.

Sími 482 1944  
[auglysingar@dfs.is](mailto:auglysingar@dfs.is)

## NOKKUR EINTÖK EFTIR

AF 2022 ÁRGERÐINNI AF VINSÆLU  
RAFMAGNSHJÓLUNUM OKKAR

**ehjól**



Þú ferðast 30 - 40km  
fyrir aðeins  
**16 krónur\***

\*1 kwst

**OPIÐ HÚS**  
Föstud.29. júlí  
Kl. 11 - 18

Hrísmýri 5  
Selfossi

Verið  
velkomin  
í kaffi og  
spjall





# Íþróttir

## Naumlegt tap í toppslag Lengjudeildarinnar

Selfoss tapaði naumlega fyrir SHK þegar liðin mættust í toppslag Lengjudeildarinnar fimmtudaginn 21. júlí síðastliðinn.

Selfyssingar komust yfir snemma leiks þegar Adam Örn Sveinbjörnsson stangaði boltann í netið eftir magnaða sendingu frá Þór Llorens úr aukaspyrnu. Okkar menn fengu síðan kjörið tækifæri til þess að tvöfalda forskotið rétt fyrir hálfleik þegar vítaspyrna var dæmt. Gary Martin fór á vítapunktinn en markvörður HK varði. 1-0 í hálfleik.

Tíu mínútur voru liðnar af síðari hálfleik þegar HK jafnaði leikinn. Við það fengu gestirnir meðbyr og komust yfir stuttu síðar.

Selfoss fékk aðra vítaspyrnu



Mynd: Sunnlenska.is/Guðmundur Karl

þegar stutt var eftir af leiknum og nú var komið að Gonzalo en honum brást einnig bogalistinn og setti boltann yfir markið. HK léku manni færri síðustu

mínúturnar en þrátt fyrir það náðu okkar menn ekki að jafna leikinn. Afskaplega svekkjandi niðurstaða svo ekki sé fastar að orði kveðið, 1-2.



Mynd: Hrefna Morthens

## Chris Jastrzembski yfirgefur Selfoss

Varnarmaðurinn Chris Jastrzembski hefur leikið sinn síðasta leik fyrir Selfoss. Leikmaðurinn óskaði eftir því að vera leystur undan samningi sínum við félagið af persónulegum ástæðum og félagið hefur orðið við þeirri beiðni. Chris kom til liðsins í

vetur og lék 13 leiki fyrir liðið í sumar og skoraði í þeim eitt mark.

Við þökkum Chris kærlega fyrir dvölinna hér á Selfossi og óskum honum góðs gengis í þeim verkefnum sem bíða hans í framtíðinni.



## Óliver genginn í raði Selfyssinga

Hinn ungi og efnilegi Óliver Þorkelsson er genginn í raði Selfyssinga frá hollenska liðinu De Graafschap en þar var hann á láni frá Hamri í Hveragerði. Óliver er fæddur árið 2005 og spilar sem miðjumaður.

Leikmaðurinn hefur æft og spilað með yngri flokkum Selfoss í gegnum tíðina og þótt standa sig afar vel.

„Ég er mjög ánægður með það að vera kominn á Selfoss og er spenntur fyrir því sem er í gangi hjá félaginu. Aðstæðurnar gætu í raun ekki verið betri og allt í kringum félagið er fyrsta flokks,“ sagði Óliver við undirskriftina.

Vertu velkominn á Selfoss Óliver!



## Sunnlenski matgæðingurinn



Vilborg Rún Guðmundsdóttir er sunnlenski matgæðingur vikunnar.

Ég þakka æskuvinkonu minni henni Katrínu fyrir að plata mig í þetta.

### Mexíkósk kjúklingasúpa

Ég geri alltaf vel af þessari súpu. Hún er saðsöm og gott að eiga í frysti í afganga eða hita hana upp.

- 1/2 heill kjúklingur eða 4-6 bringur
- 1-2 stk. sæt kartafla
- 4-6 gulrætur
- 1 paprika
- 1 púrrulauk
- 1 stk. piparostur
- 2 pelar af rjóma
- 1 grænmetiskraftur
- 2 kjúklingakraftur
- 2 dósir hakkaðir niðursoðnir tómatar
- 1 tsk. karrý
- 2 tsk. cumin
- Smá vatn
- Smá pipar
- 1 krukka Heinz
- 1 stk. rjómaostur hreinn
- 1 stk. rjómaostur með svörtum pipar
- 1 stk. rjómaostur með gillaðri papríku

Ég byrja að elda kjúklinginn í ofni heilan eða bringurnar.

Ég sker grænmetið í munnbita og brúna það á pönnu aðeins set það svo til hliðar ef ég hef tíma ef ekki fer þetta beint í með skrefi 3.

Ég set í pott niðursoðnu tómata hokkuðu ásamt rjóma, krukkan af heinz og smá af vatni, læt þetta sjóða saman í góða stund og allt grænmetið sem búið var að brúna með.

Set rjómaostana þrjá pipar, hreinan og paprika saman við.

Ég set svo kraftana saman við ásamt kryddunum.

Sker svo kjúklinginn í munnbita og set í súpuna undir lokin. Svo bara bragðbæta með



kryddunum eða kröftunum ef þarf. Ber svo fram með doritos, sýrðum rjóma og osti.

### Klassísk frönsk súkkulaðikaka

Þegar gesti ber að garði er klassísk frönsk súkkulaðikaka oftast fyrir valinu þegar tíminn er naumur. Hún bara getur ekki klikkað svo er upplagt að eiga hana í frysti.

### Botn

- 200 gr. sykur
- 4 egg
- 200 gr. suðusúkkulaði
- 200 gr. smjör
- 1 dl hveiti

Hiti ofninn í 180°C (blástur).

Þeyti sykur og egg saman þar til blandan verður létt og ljós.

Bræðið saman smjör og súkkulaði við vægan hita.

Blandið hveitinu saman við eggjablönduna, sumir vilja sleppa hveitinu en þá verður kakan sérstaklega blaut. Bætið súkkulaðiblöndunni varlega saman við í lokin.

Smyrjið bökunarform eða setjið bökunarpappír í botninn á forminu og hellið deiginu í formið.

Uppskriftin segir að baka í 30 mínútur, ég baka hana alltaf lengur 40-45 mín.

### Kremið

Ég leik mér bara að hvað ég set á hana og hvaða súkkulaði sem ég á til en í miklu upphaldi er bræddur þristapoki með smá skvettu af rjóma.

Ég ætla að skora á fyrirmynd mína í einu og öllu hana mömmu Sigríði Egilsdóttir að vera matgæðingur vikunnar í næsta blaði.

Matgæðingar eru beðnir að senda á [dfs@dfs.is](mailto:dfs@dfs.is) uppskrift ásamt mynd af sér eigi síðar en á mánudegi.



Útgefandi: Prentmet Oddi, Eyraveg 25, 800 Selfoss, sími 482 1944, [dfs@dfs.is](mailto:dfs@dfs.is), [dfs.is](http://dfs.is).

Ritstjóri: Björgvin Rúnar Valentinsson, sími 856 0565, [dfs@dfs.is](mailto:dfs@dfs.is).

Blaðamaður: Helga Guðrún Lárusdóttir, sími 856 0573, [helga@dfs.is](mailto:helga@dfs.is).

Auglýsingadeild: Sími 482 1944, [auglysingar@dfs.is](mailto:auglysingar@dfs.is).

Dagskráin kemur út á hverjum fimmtudegi. Upplag 5.200 eintök. Allt efni og auglýsingar berist fyrir hádegi á þriðjudögum.

Dreift ókeypis í allar sýslur austan Hellisheiðar. Dagskráin er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða.

ISSN 1670-407X



## Gáta vikunnar

Vísagátur-höf: Páll Jónsson  
Útg. Bókautgáfan HÓLAR

Oft við kutann það sem þarf, þetta er trillukarlsins starf, brot sem henti bankamann og bíl úr festu losar hann.

Svar við gátu í blaði 58: RIST

- 1. Brauðrist - 2. Rist á lofstokk
- 3. Rannvei Rist



## SJÁUMST Á FIMMTUDÖGUM!

Við höfum flutt útgáfudag Dagskrárinnar aftur yfir á fimmtudaga!

Blaðið kemur á fréttavefinn [DFS.is](http://DFS.is) á miðvikudögum.



Sími 482 1944 // [dfs@dfs.is](mailto:dfs@dfs.is) // [dfs.is](http://dfs.is)





# Valgerður E. Hjaltested vann brons á Norðurlandameistaramótinu 2022

Sunnlendingurinn Valgerður Einarsdóttir Hjaltested vann brons úrslitaleik einstaklinga örugglega 6-2 gegn Elin Merethe Kristiansen frá Noregi á Norðurlandameistaramóti ungmenna (NUM) í Kemi í Finnlandi á dögunum. Valgerður var að keppa U21 kvenna sem var fjölmennasti flokkur á mótinu og í Ólympískum sveigboga sem er erfiðasta keppnisgreinin til þess að ná tökum á.

Valgerður var í 5. sæti í undankeppni mótsins á laugar daginn, en lítill munur var í undankeppni á stelpunum í 3.-5. sæti og því góðar líkur á því að Vala gæti tryggt sér verðlaun á mótinu ef hún ætti góða leiki, en það yrði harður bardagi.

Í 16 manna úrslitum sátu efstu þrír keppendur hjá og Valgerður mætti Ingrid Støle Klo frá Noregi og vann leikinn örugglega 6-0. Í 8 manna úrslitum mætti Emmi Ala-Aho frá Finnlandi sem við þekkjum vel frá HM ungmenna 2021 þar sem Emmi var í 33 sæti og ætti því að vera erfiður keppandi fyrir Valgerði að mæta. En Valgerður gerði sér lítið fyrir og vann leikinn af miklu öryggi 7-1. Í undanúrslitum mætti Valgerður Amalie Storlev frá Noregi sem við þekkjum einnig frá HM ungmenna og var einnig í 33 sæti þar. Þar hafði sú Norska betur 6-0 og Valgerður því að keppa um brons við Elin Merethe Kristiansen frá Noregi á meðan Amalie Storlev og Helin Susanna frá Finnlandi kepptu í gull úrslitum. Amalie vann gull úrslitaleikinn og Valgerður vann brons úrslitaleikinn. Endanleg úrslit Noregur gull, Finnland silfur og Ísland brons.

Valgerður byrjaði í bogfimi þegar hún var 16 ára að skjóta sér til gamans og keppti á sínu fyrsta móti 2018 þar sem hún skoraði heil 12 stig af 720 mögulegum. Sem er að ég held næst versta skor sem skráð hefur verið í undankeppni í móti á Íslandi. Þetta var fyrsta og síðasta NUM erlendis sem að Valgerður getur keppt á í U21 flokki og hún skoraði 537 af 720 mögulegum (600 er lágmarks viðmið fyrir Evrópuleika og 620 fyrir Ólympíuleika og Vala er sífellt að nálgast það). Á næsta ári er bara fullorðins alvara. Fyrsta NUM sem Valgerður keppti á var 2021. En það mót var haldið sem fjarmót vegna kórónuveirufaraldursins. Þar var Valgerður í næst síðast sæti.

Valgerður byrjaði frekar seint að æfa íþróttina af einhverri alvöru, en hún er búin að leggja sig mikið fram við það á æfingum á síðustu tveim árum að bæta form og tækni sína í íþróttinni og fjárfesta í góðum búnaði, upp að því stigi að hún er að keppa í gull úrslitum allra Íslandsmóta fullorðinna í dag. Frá næst síðasta sæti í þriðja efsta sæti á einu ári, það þarf að æfa til að ná slíku.



Valgerður E. Hjaltested. Mynd: archery.is

Vala keppti einnig í liðakeppni á NUM í sameiginlegu liði Íslands, Færeyja og Noregs þar sem þau voru í 4. sæti í undankeppni mótsins. Í 8 liða úrslitum mættu þau Finnlandi

sem var í 5. sæti í undankeppni. Leikurinn var jafn en endaði með sigri Finnska liðsins 5-3 og Valgerður því í 5. sæti á liðakeppni á NUM til viðbótar við bronsið í einstaklingskeppni.

Liðakeppni á NUM er óvenjuleg að því leitinu til að körlum og konum er blandað saman og undir ákveðnum kringumstæðum geta þjóðir sameinast í að skapa lið.

Til viðbótar við að vinna til verðlauna á NM U21 flokki er vert að geta að Valgerður var í 5. sæti í berboga flokki á EM U21 fyrr á árinu eftir tap gegn Breskri stelpu í 8 manna úrslitum og Valgerður var einnig í 9. sæti með Íslenska sveigboga kvenna landsliðinu á EM fullorðinna eftir tap gegn Moldóvu í 16 manna úrslitum EM. Á EM fullorðinna utandyra í München í júní var Valgerður nálægt því að tryggja sér sæti á Evrópuleikana fyrir Ísland þar sem hún jafnaði leikinn sinn og þurfti að beita bráðabana til þess að ákvarða hvor keppandinn héldi áfram, en þar hafði andstæðingurinn betur að því sinni.

Valgerður er mjög efnilegur keppandi og frábær persóna sem er en að bæta sig og að gera það mjög hratt. Við munum vafalaust sjá og heyra mun meira um hana í framtíðinni. Sunnlendingar eru stoltir af sinni konu þar sem Valgerður kemur úr Árnes-sýslu þó að hún keppi með BF Boganum í Kópavogi. [archery.is](http://archery.is)

# 1.ÁRS

Kjötbúrið fagnar 1.árs afmæli sínu  
30.júlí næstkomandi..

Að sjálfsögðu munum við halda uppá  
þann áfanga með viðskiptavinum okkar

## KJÖTBÚRIÐ

Á milli 12 & 14 mun starfsfólkið okkar  
góða, bjóða gestum og gangandi  
grillaðar pylsur  
Valdar vörur verða á afslætti

Komdu við og fangnaðu þessum áfanga  
með okkur



## FUNDIR

**KRABBAMEINSFÉLAG  
ÁRNESSÝSLU**  
Símatími alla virka daga  
frá kl. 13:00 til kl. 16:00  
sími 788 0300.

**Al-Anon Selfossi**  
Al-Anon fundir á þriðjudögum  
kl. 20:00, nýliðafundur  
kl. 20:30 fundur, Hrísholti 8

**Al-Anon**  
Al-Anon fundur - Einn dagur  
í einu. Laugardagsmorgnum  
kl. 10, Hrísholti 8, Selfossi.

**AA**  
Mán. kl. 19 - PPG opinn fundur  
Mán. kl. 21 - AA fundur  
Þrið. kl. 19 - AA konufundur  
Mið. kl. 19:30 - AA fundur  
Mið. kl. 21 - AA fundur  
Fim. kl. 20 - AA karlafundur  
Fös. kl. 20:30 - AA fundur  
Lau. kl. 21 - AA Opinn fundur  
Sun. kl. 11 - AA fundur  
Sun. kl. 21 - AA fundur  
AA Hrísholti 8, Selfossi.  
Nánari upplýsingar á aa.is.

**Polskie mitingi**  
Polskie mitingi aa grupa krokus.  
Poniedziałek i czwartek godzina  
19:00. Hrísholti 8 - 800 Selfoss.

**AA Sporgöngufólk f. alla**  
Bókasafn  
Hafnarberg 1 - 815 Þorlákshöfn  
Klukkan 11-12 sunnudag.

**AA opin fundur f. alla**  
Kirkjan kjallari  
Skálholtsbraut - 815 Þorlákshöfn  
Klukkan 20:00 fimmtudag.

**OA**  
Áttu erfitt með að hætta að  
borða? OA 12 spora fundir  
Overeaters Anonymus alla  
þriðjudaga kl. 19 Hrísholti 8.

**CoDA**  
**Bataleið frá meðvirkni**  
Fundir alla laugardaga  
kl. 10:30.  
Hrísholti 8, Selfossi.  
Nánari upplýsingar á coda.is.

**Leiðin út á þjóðveg**  
Fundir í Rauðakrosshúsinu,  
Mánamörk 1, Hveragerði, efri  
hæð, fimmtudaga kl. 20:30.

## FÉLAGSSTÖRF



**SKRIFSTOFA FEBSEL**  
í Grænumörk, Selfossi.  
Sími 894 4107.

Skrifstofa félagsins er  
lokuð í sumar frá 1. júní til  
1. sept. 2022.

Sími formanns er 698 3110.  
Sími gjaldkera er 894 9465.

## GOLFÆFINGAR

á Svarfhólsvelli þriðjudags-  
og fimmtudagsmorgna

## ÞJÓNUSTA

**BR FLUTNINGAR**  
  
**S. 662 1122**  
**Daglegar ferðir**  
**SELFOS - REYKJAVÍK**  
**SUÐURLAND**

## ICECOOL

Bifreiða- og breytingaverkstæði  
Gagnheiði 51, Selfossi  
Sími 482 1361 - gunni@icecool.is

**KJARNABÓKHALD**

Bókhald • Framtöl • Skattskil  
Launavinnslur • Ráðgjöf o.fl.

Austurvegur 6 - 800 Selfoss  
Sími 482 3755 - kjarna@centrum.is

**Ráð í rekstri !**

## Hjá Maddý ehf.

Eyravegi 27 - 800 Selfoss  
s. 482 3454 - maddy@maddy.is

Bókhald - ráðgjöf  
skattskil

**Þjónusta við  
einstaklinga og  
fyrirtæki**

Persónuleg þjónusta

**KRANAVINNA  
GRÖFUVINNA**  
**25 ÁRA REYNSLA**

Díddi S. 861 4966



## VH Tækjaleiga

Til leigu 2,8 tonna minigrafa.  
Upplýsingar í síma 892 5741.

**DAGSKRÁIN**  
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

**DFS.IS**  
FRÉTTAVEFUR SUÐURLANDS

**Er eitthvað að fréttu?**

Sími 482 1944 - dfs@dfs.is

## Strandblakvöllur lítur dagsins ljós á Selfossi

„Við erum búin að snýrta allt  
íþróttasvæðið, setja gervigras á  
opin svæði og gera íþróttasvæðið  
tilbúið fyrir Unglingalands-  
mótið. Starfsfólk og forsvarsfólk  
sveitarfélagsins hefur staðið sig  
afar vel og vill alltaf gera betur,“  
segir Ásgeir Hilmarsson hjá  
PRO-görðum.

Á milli 5-6 starfsmenn hafa  
síðustu daga unnið hörðum  
höndum að gerð vallar fyrir  
strandblak og strandhandbolta  
aftan við Selfosshöllina á íþróttavellinum. Svæðið er 55 x 30  
metrar á lengdina og rúmar þrjá  
velli. Allt svæðið er umkringd  
300 brettum og hafa tugir vörubílar flutt um 500 rúmmetra af  
sandi á svæðið. Sandurinn kemur  
frá Eyrarbakka, sem er á HSK-svæðinu.

Ásgeir var í vikunni á fullu að  
slétta úr sandinum ásamt þeim  
Eva Björk Kristjánsdóttur skrudgarðyrkjufræðingi, konu sinni,  
og Nökkva Þór, syni þeirra.

Ásgeir segir verkinu fljótlega lokið. „Eftir helgina tyrfum  
við hliðarnar og setjum svo upp  
mörkin,“ sagði hann í síðustu viku.



Eyravegurinn á Selfossi. Mynd: Dagskráin/BRV

## Takmörkun á umferð á Selfossi um verslunarmannahelgina

Sveitarfélagið Árborg hefur  
Sheimilað eftirfarandi breytingar á umferð á Selfossi um verslunarmannahelgina 2022 vegna Unglingalandsmóts UMFÍ.

**Umferð verður lokuð um Engjaveg við íþróttasvæðið á eftirtöldum tímum:**  
Föstudagur 29. júlí kl. 10-18  
Laugardagur 30. júlí kl. 9:30-19  
Sunnud. 31. júlí kl. 9:30-18:30

Hjáleiðir eru um Reynivelli, Tryggvagötu og Langholt á meðan á lokunum stendur.

**Takmörkun á umferð um Suðurból**

Umferð á Suðurbólum milli Norðurbólum og Tryggvagötu verður eingöngu heimil tjaldgestum sem gista á tjaldstæði við Suðurból frá kl. 14:00 fimtugadaginn 28. júlí til kl. 18:00 mánudaginn 1. ágúst.

Hjáleiðir eru um Norðurból og Tryggvagötu.



## Steingerður og Þorsteinn hlupu sitt 10. Laugavegshlaup

Laugavegshlaupið fór fram við góðar aðstæður laugardaginn 16. júlí sl. Rúmlega 40 starfsmenn frá Frískum Flóamönnum á Selfossi unnu við hlaupið og sáu um drykkjarstöðvarnar í Hrafninnuskeri, Álftavatni, Söndum, Emstrum, Ljósá og Þröngá. Auk þess fóru eftirfarar á eftir hlaupurum frá Landmannalaugum. Sjö hlauparar frá Frískum Flóamönnum tóku þátt að þessu sinni og skilðu sér allir heilir í mark í Húsadal. Þau sem hlupu voru; Steingerður Hreinsdóttir á tímanum 7:12:14, Þórfríður Soffía Haraldsdóttir á tímanum 7:40:01, Lingþór Jóseppson á 7:15:17, Bárður Árnason á 7:40:32, Þorsteinn Tryggvi Mátsson á 7:46:33, Vigfús Eyjólfsson á 8:49:15 og Almar Þór Þorgeirsson á 8:58:53. Steingerður og Þorsteinn voru að hlaupa sitt 10. Laugavegshlaup og fengu viðurkenningar fyrir það.

Björgunarfélag Árborgar sá um að flytja fólk og búnað á allar stöðvar og sáu um öryggisgæslu og þjónustu við Bláfjallakvísl. Nánari upplýsingar um hlaupið og myndir má finna á [www.hlaup.is](http://www.hlaup.is)

Vinna við Laugavegshlaupið



Steingerður.

er skv. samstarfssamningi ÍBR við Fríska Flóamenn og Björgunarfélag Árborgar. Það gerir hlaupahópnum kleift að æfa án æfingagjalda og eru allir áhugasamir hlauparar hvattir til að mæta á æfingar sem eru alla þriðjudaga og fimmtudaga kl. 17:15 og kl. 9 á laugardögum. Meðfylgjandi eru myndir af Steingerði, Þorsteini og Bárði og starfsmönnum í Laugavegshlaupinu 2022.

Stjórn Frískra Flóamanna



Starfsmenn við Þröngá.



Eftirfarar úr Landmannalaugum.



Bárður og Þorsteinn búnir.




### Þjónar í sal og starfsfólk í eldhús

Ingólfsskáli Veitingahús leitar að jákvæðu og drífandi starfsfólki í hlutastarf til að starfa í sal og eldhúsi. Um er að ræða kvöldvaktir.

Umsækjendur þurfa að búa yfir ríkri þjónustulund og hafa metnað til að veita gestum veitingastaðarins framúrskarandi þjónustu.

Umsóknir og fyrirspurnir berist á [ingolfsskali@ingolfsskali.is](mailto:ingolfsskali@ingolfsskali.is).



Sími 482 1944 - [selfossi@prentmetoddi.is](mailto:selfossi@prentmetoddi.is)



## FORSTÖÐUMAÐUR FÉLAGSMIÐSTÖÐVARINNAR TVISTSINS

Sveitarfélagið Rangárþing eystra leitar að öflugum og skapandi leiðtoga í starf forstöðumanns félagsmiðstöðvarinnar Tvistsins. Um er að ræða fullt starf á heilsársgrundvelli.

Félagsmiðstöðin Tvisturinn er starfrækt á Hvolsvelli. Þar er boðið upp á frístundastarf fyrir börn á mið- og elstasti grunnskóla. Starfsemi félagsmiðstöðvarinnar Tvistsins fer að mestu leyti fram strax eftir að skóla lýkur en einnig er starfsemi tvö til þrjú kvöld í viku ásamt viðburðum öðru hvoru um helgar. Auk þess sem umsjónamaður kemur til með að hafa umsjón með starfi fyrir nemendur á miðstigi eftir að skóla lýkur að vori sem og að sjá um ungmennahús.

Leitað er að reglusömum og áreiðanlegum einstaklingi sem hefur m.a. til að bera frumkvæði, góða samskiptahæfni og sjálfstæði í vinnubrögðum. Mikil uppbygging er framundan í æskulýðsmálum í sveitarfélaginu og kemur forstöðumaðurinn til með að móta starfsemina til framtíðar í samstarfi við íþrótt- og æskulýðsfulltrúa.

### Helstu verkefni forstöðumanns eru:

- Stýra faglegu starfi félagsmiðstöðvarinnar
- Umsjón með daglegum rekstri, skipulag og áætlanagerð í samráði við íþrótt- og æskulýðsfulltra.
- Samskipti og samstarf við notendur, foreldra, starfsfólk, skóla og aðra samstarfsaðila.
- Þátttaka í stefnumótun frístundastarfs í sveitarfélaginu.
- Umsjón með starfsmannamálum.

### Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi svo sem tólmstunda- og félagsmálafræði æskileg.
- Framúrskarandi samskiptahæfni.
- Reynsla af starfi í félagsmiðstöð og starfi með börnum er mikill kostur.
- Bennandi áhugi á æskulýðsstarfi skilyrði.
- Skipuleg og fagleg vinnubrögð.
- Almenn tölvukunnátta.
- Hæfni til að tjá sig á íslensku í ræðu og riti.

Hreint sakarvottorð í samræmi við barnaverndarlög. Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Ólafur Örn Oddsson íþrótt- og æskulýðsfulltrúi, [olafuorn@hvolsvollur.is](mailto:olafuorn@hvolsvollur.is) og 694 3073. Umsóknarfrestur er til og með 12. ágúst nk. Kostur ef viðkomandi getur hafið störf sem fyrst eða eftir nánari samkomulagi. Umsóknir ásamt ferilskrá sendist á [olafuorn@hvolsvollur.is](mailto:olafuorn@hvolsvollur.is)

**Rangárþing eystra er barnvænt- og heilsueflandi samfélag í stöðugri sókn. Sveitarfélagið leggur ríka áherslu á samvinnu, virðingu og vellíðan á vinnustað. Fólk af öllum kynjum er hvatt til að sækja um.**

## Hamingjan við hafið verður haldin 2.-6. ágúst í Þorlákshöfn

Það verður nóg um að vera þýfir alla aldurshópa og allir viðburðir á vegum Sveitarfélagsins Ölfuss eru gjaldfrjálssir og öllum aðgengilegir. Hápunktarnir eru án efa glæsilegir stórtónleikar í Skrudgarðinum í Þorlákshöfn laugardagskvöldið 6. ágúst þar sem fram koma Bassi Maraj, Reykjavíkurdætur, Albatross, Jónas Sig, Ragga Gísla, Lay Low, Júlí Heiðar, Fjallabræður og Lúðrasveit Þorlákshafnar. Þá munu einnig koma fram Anna Magga, Emilía Hugrún og heimahljómsveitirnar Sunnan 6, Moskvít og DJEJ.

Þegar Hamingjan við hafið var haldin síðast af fullum krafti (fyrir þið vitið hvað) þá var í fyrsta sinn haldið hverfapartý í gömlu bræðslunni, þar sem hverfin buðu upp á pálínuboð og tónlistaratriði og Eyjamaðurinn og Lúðrasveitarstjórnandinn Jarl Sigurgeirsson stjórnaði fjöldasöng. Fyrir mörgum var þetta hápunkturinn 2019 og því kom ekki annað til greina en að endurtaka þennan dagskrárlið. Hverfapartý í bræðslunni verður föstudagskvöldið 5. ágúst, en það hefst á litaskrudgöngu þar sem Lúðrasveit Þorlákshafnar leiðir alla beint í fjörið í bræðslunni.

Það verður nóg um að vera fyrir börn á öllum aldri, Leikhópurinn Lotta verður í Skrudgarðinum í boði Kvenfélags Þorlákshafnar, froðufjórið verður á sínum stað, sundlaugapartý og tónleikar á sundlaugabakkanum með unghljómsveitinni Gulllax. Það verður heljarinnar krakka-fjör á lóðinni við Grunnskólann á laugardegnum 6. ágúst þar sem Sirkus unga fólksins verður með ýmsar uppákomur, leikvöllur með opnum efni-



við, vatnaboltar, nerf-völlur og hoppukastalar.

Það verður líka spennandi að heimsækja listafólk í Þorlákshöfn sem býður á sýningar á laugardegnum svo við tölum nú ekki um spennuna sem er að magnast upp á milli hverfanna sem eru nú að keppast við að stilla upp sterkum liðum fyrir fótboltakeppni hverfanna sem fram fer miðvikudagskvöldið 3. ágúst.

Þessu til viðbótar verða þrennir viðburðir á vegum einkaaðila og félagasamtaka sem setja vissulega skemmtilegan lit á dagskrá Hamingjunnar við hafið. Hljómlistafélag Ölfuss stendur fyrir garðtónleikum um allan bæ þar sem stórkostlegt tónlistarfólk úr Þorlákshöfn kemur fram í gördum hjá fólki sem er svo elskulegt að bjóða þá fram fyrir þetta tilefni. Að þessu sinni er viðburðurinn fjárfloflun fyrir uppbyggingu á upptöku- og æfingarrými Hljómlistafélagsins og fá þau sem kaupa miða armband sem gildir á alla tónleika kvöldsins.

### Hannaðu það sjálfur!

[honnun.prentmetoddi.is](http://honnun.prentmetoddi.is)

Inni á hönnunarvefnum okkar getur þú t.d. útbúið **kort**, **dagatöl** og **myndabækur**



SENDUM  
HVERT Á LAND  
SEM ER



534 9600  
[www.heyirn.is](http://www.heyirn.is)



**Hjólbarðapjónusta**  
**Magnúsar**  
Gagnheiði 25 - Sími 482 2151



**Hjólbarðar**  
Betri vörur - betra verð

**VÉLSMÍÐJA**  
**SUÐURLANDS ehf**  
Selfossi Gagnheiði 5 Sími: 482 1980

**Efnissala**  
**Rennismíði**  
**Innréttingar**  
**Járnsmiði**

Gagnheiði 5, Selfossi  
Sími 482 1980

**FROST**  
KÆLIKERFI - FRYSTIKERFI  
HÖNNUN - SALA - ÞJÓNUSTA  
HÁHEIÐI 9, SELFOSSI - SÍMI 464 9400 - WWW.FROST.IS

**expert**  
**kæling**

Sími 660 2970

Uppsetn. og viðhald á kæli- og frystikerfum  
Ísskápaþjónustur - Almennar raflagnir

**ÁRBORG**  
**TAXI**  
482 1333

[arborgtaxi@gmail.com](mailto:arborgtaxi@gmail.com)

**LOFTNET**  
**NETSJÓNVARP**

*Þekking og reynsla*

**UPPSETNING OG VIÐGERÐIR**

Loftnet – Gervihnattapjónusta  
Rafvirkjun – Ljósleiðaratengingar  
Tölvulagnir – Símalagnir  
Bústaðir – Húsbílar

**Loftnetstaekni.is**

sími 894 2460 – Selfoss

**Jiibbi**  
**Siggaferðir**

- Flutningapjónusta -

Selfoss - Reykjavík f.h. og e.h.  
Reykjavík - Selfoss f.h. og e.h.

Reykjavík - Selfoss  
Hella - Hvolsvöllur  
Sími 772 6010

**Lagnapjónustan ehf**

**Pípulagnir - Efnissala**  
482 2311 ☎ 696 2311  
**Skrifstofa Þjónustusími**



Gísli G. Guðmundsson Svanhildur Eiríksdóttir Elfar F. Sigurjónsson

**Vistvænar íslenskar kistur, krossar og legsteinar**

Sími 482 4300 • [www.fylgd.is](http://www.fylgd.is) • [fylgd@fylgd.is](mailto:fylgd@fylgd.is)



**Vinnuvélanámskeið**  
**á netinu!**

[www.vinnuvelaskolinn.is](http://www.vinnuvelaskolinn.is)



Fæst hjá  
**BYKO** Selfossi



**ÖKULAND**

Meirapróf  
Endurmenntun  
Akstursþjálfun  
[okuland.is](http://okuland.is)

**Rétting**  
**og málun**

Vottað rétttingaverkstæði  
Cabas tjónaskoðun

Breiðumýri 1, Selfossi

☎ 480 8020



**Bilverk BA**

Þar sem fagmennirnir vinna

★★★★★ Vottað verkstæði

Gagnheiði 3 - Selfossi

Sími 482 2224 / 899 5424 - [bilverkba.is](http://bilverkba.is)